

clarisonic®

Mia2®

FACIAL  
SONIC CLEANSING

SONIC HÚÐHREINSUN  
ANDLIT

ISL NOTKUNARLEIÐBEININGAR







MYND 1. CLARISONIC® MIA 2®

# MIKILVÆGAR ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Við notkun raffækja þarf ávallt að fylgja grundvallar öryggisráðstöfunum. Sérstaklega þegar börn eru nálægt. Varist neðangreinda hluti (ekki tæmandi listi).

## LESIÐ ALLAR ÖRYGGISLEIÐBEININGAR FYRIR NOTKUN.

### AÐVÖRUN – Drögum úr hættu á raflosti:

- 1. Ekki setja eða geyma** Clarisonic hleðslustandinn þar sem hann getur dottið eða dregist ofan í baðkar eða vask.
- 2. Ekki setja eða skilja** Clarisonic hleðslustandinn eftir í vatni eða öðrum vökva. Hleðslustandinn má ekki nota í vatni eða sturtu.
- 3. Ekki taka upp** Clarisonic hleðslustand sem hefur dottið í vatn eða annan vökva. Taktu standinn samstundis úr sambandi. Því næst skaltu þurrka hann.

### AÐVÖRUN – Til þess að draga úr hættu á bruna, raflosti, eldi eða líkamstjóni:

1. Eftirlit með notkun er nauðsynlegt þegar tækið er notað á eða í kringum börn og einstaklinga sem eru hreyfihamlaðir.
2. Einungis skal nota tækið eins og lýst er í þessum bæklingi. Ekki nota bursta sem framleiðandinn mælir ekki með.
3. Haldið snúrunni frá heitum flötum.
4. Ekki nota tækið ef þú sefur eða ert syfjuð/syfjaður.
5. Ekki nota tækið utandyra eða þar sem súrefnistæki er notað.

Ekki nota Clarisonic tækið ef það er skemmt. Notið aldrei hleðslutækið ef snúran eða innstungan hafa orðið fyrir skemmdum, virka ekki rétt, ef þú hefur misst það, skemmt eða það hefur dottið í vatn.

## GEYMIÐ ÞESSAR LEIÐBEININGAR

Ekki fást aukahlutir í handfangið, straumbreytinn né hleðslutækið. Ekki er hægt að skipta um snúru á hleðslutækinu. Ef snúran skemmist skaltu taka tækið úr sambandi og nota annað Clarisonic hleðslutæki.

ATHUGIÐ: Þetta tæki hefur verið prófað og uppfyllir viðmið í flokki B fyrir stafræn tæki með skírskotun til 15. kafla FCC reglnanna.

## MIKILVÆGAR AÐVARANIR

- Ef þú ert undir eftirliti læknis vegna húðvandamála eða telur þig vera með húðvandamál skaltu ráðfæra þig við lækni áður en þú notar Clarisonic burstann.
- Við mælum ekki með að þú deilir burstahausnum með öðrum einstaklingum.
- Við mælum með að þú byrjir að nota burstann með einu af Clarisonic hreinsikremunum, því þau eru hönnuð sérstaklega fyrir milda daglega notkun með Clarisonic burstanum.
- Ekki nota Clarisonic burstann með grófu, ójöfnu kornakremi, eins og t.d. úr skeljum eða hörðum kornum. Clarisonic burstann má gjarnan nota með kornakremi með mjúkum hringlaga kúlum.
- Ef Clarisonic burstinn er notaður til að fjarlægja farða af andliti geta hárin í burstanum orðið mislit. Þetta hefur þó engin áhrif á virkni burstans. Hreinsið burstann með sápu og vatni ef hann verður blettóttur.
- Í tækinu er segull.

### Í ESB og öðrum Evrópulöndum eru raftæki sett í endurvinnslu:

Ónýtt tæki er ekki meðhöndlað eins og annað heimilissorp heldur þarf að fara með það á endurvinnslustöð sem tekur við raftækjum. Hafið samband við næstu endurvinnslustöð til að fá frekari upplýsingar um móttöku raftækja í endurvinnslu.

### MYND 1. CLARISONIC MIA 2

**A HANDFANG**

**B BURSTAHAUS** 

**C ON/OFF TAKKI**

**D HRAÐATAKKI** 

**E pLink® HLEÐSLUSTANDUR** 

**F INNSTUNGA**



**G HRAÐA/HLEÐSLU LJÓS** 

**FERÐAHULSTUR** 

(Aðeins í sérútgáfum –  
ekki sýnd á mynd)

## LEIÐBEININGAR FYRIR CLARISONIC MIA 2 OG ANDLITSHREINSI

### Fyrir fyrstu notkun skal hlaða Clarisonic tækið í 24 klukkustundir.

- Fjarlægðu fyrst augnfarða af augum með augnfarðahreinsi. Ekki nota Clarisonic til að fjarlægja augnfarða.
- Bleyttu burstann og húðina, settu því næst hreinsinn þinn á burstann eða andlitið.
- Ýttu á on/off takkann til að kveikja á Clarisonic tækinu.
- Veldu þá hraðastillingu sem hentar þér. 
- Fylgdu T-TIMER hreinsitímanum og hreyfðu burstann varlega með smáum hringlaga hreyfingum. 
- Clarisonic burstinn slekkur sjálfkrafa á sér þegar T-TIMER hreinsitíminn er liðinn (60 sek.).
- Skolaðu húðina vel eftir notkun til þess að fjarlægja allan hreinsi.

Handfang Clarisonic burstans er vatnshelt og má nota í sturtu og í baði.

Skoðaðu MIKILVÆGAR ÖRYGGISLEIÐBEININGAR um hleðslustandinn

**ATHUGIÐ:** Haltu burstahöfðinu mjúklega við húðina. Of mikill þrýstingur hindrar hreyfingar burstans og dregur úr virkni hans.

### ÞEGAR SKIPT ER UM BURSTAHÖFUÐ

- Burstahöfuð fjarlæggt:
  - 1) Taktu þétt um burstahöfuðið, þrýstu aðeins niður og snúðu rangsælis.
  - 2) Þegar burstinn losnar, togaðu hann af tækinu.
- Burstahöfuð fest á tækið:
  - 1) Leggðu burstann á tækið, þrýstu aðeins niður.
  - 2) Snúðu réttisælis þangað til burstinn festist. Burstinn er ekki fastur fyrr en þú heyrir smell.

Ábending: Gott er að nota lokið á burstanum til að fjarlægja eða festa burstann auðveldlega á tækið með einföldum snúningi.

 Mismunandi burstahausar eru fánlegir, fyrir mismunandi húðgerðir, sem hægt er að nota með Clarisonic tækinu.

## EIGINLEIKAR CLARISONIC MIA 2


### 2 HRAÐASTILLINGAR FYRIR ANDLITSHREINSUN

Hraði er sýndur sjónrænt. Til að breyta hraða þarftu að ýta á hraðatakkann á meðan kveikt er á Clarisonic Mia 2. Staðlaður hraði tækis er lægsti hraðinn.

Hraði	Ljósmerki
Normal	Efra rauða ljósið logar
Lár	Neðra rauða ljósið logar

## HREINSITÍMI (T-TIMER)

Til að tryggja mjög góða hreinsun andlits hefur MIA 2 T-TIMER ákveðið hreinsiprógram sem gefur hljóðmerki og stoppar augnablik til að gefa til kynna að það sé kominn tími til að flytja burstann á annað svæði andlitsins. Við mælum með einnar mínútu stillingu: 20 sekúndur á ennið, 20 sekúndur á og umhverfis nef og höku og 10 sekúndur á hvora kinn. Ýttu á on/off takkann til **að gera hlé** á T-TIMER prógraminu. Burstinn stoppar þá í 30 sekúndur. Hvíta ljósið blikkar meðan hlé er tekið. Til að halda áfram hreinsun er ýtt á on/off takkann.



## HLEÐSLA

MIA 2 er endurhlaðin með pLink hleðslutækinu sem fylgir með, en það festist neðst við Clarisonic tækið með segli. Hlaðið MIA 2 í 24 klst. til að fá fulla hleðslu. Fullhlaðinn bursti er hægt að nota í 24 mínútur.



### Meðhöndlun

Tæki sett í hleðslu

Clarisonic tæki hlaðið

Hleðsla stöðvuð

Eftir 24ra mínútna notkun þarf að endurhlaða tækið.

### Leiðbeiningar

Clarisonic tækið gefur frá sér hljóðmerki og titrar.

Meðan á hleðslu stendur blikkar ljós á Clarisonic tækinu. Ljósið logar stanslaust þegar hann er fullhlaðinn.

Ef Clarisonic tækið er ekki fullhlaðið gefur það frá sér eitt hljóðmerki. Þegar Clarisonic tækið er fullhlaðið gefur það frá sér 2 hljóðmerki.

Þegar endurhlaða þarf Clarisonic tækið gefur það frá sér hljóðmerki og hleðsluljósið blikkar. Endurhleðsla tekur ca. 18 klst. til að ná fullri hleðslu.

Hleðslustandinn má nota í innlendar og alþjóðlegar innstungur (100-240 volt AC; 50-60 HZ) með staðbundnu millistykki. Ef klóin passar ekki í innstungu skal nota millistykki.

**Athugið:** Mia 2 passar ekki í hleðslustanda fyrir önnur Clarisonic tæki.

# UMHIRÐA CLARISONIC

Til að halda tækinu í sem bestu ástandi skal fylgja meðfylgjandi leiðbeiningum. Ekki nota slípanði hreingerningarvörur eða efni til að hreinsa tækið. Ekki setja neinn hluta af tækinu í uppþvottavél.

## HANDFANG

Einu sinni í viku skal fjarlægja burstahöfuð og þvo handfang með heitu sápuvatni til þess að þrifa burt allar leyfar af sápu. Handfangið er innsiglað og er því fullkomlega vatnshelt.

**ÓREGLULEG NOTKUN:** Ef þú notar tækið sjaldan skaltu hlaða það á 3ja mánaða fresti til að viðhalda hleðslugetu tækisins.

## BURSTAHÖFUÐ



Við mælum með því að skipta um burstahöfuð á 3ja mánaða fresti. Við notkun slitnar burstinn og verður því ekki jafn áhrifaríkur. Einu sinni í viku er gott að fjarlægja burstann og skola hann með heitu sápuvatni til að fjarlægja öll óhreinindi af honum.

## UPPLÝSINGAR FYRIR CLARISONIC VIÐSKIPTAVIN

Fyrir frekari upplýsingar um ábyrgðartíma eða almennar upplýsingar, hafið samband við Clarisonic á Íslandi, Terma ehf, skoðið [www.clarisonic.dk](http://www.clarisonic.dk) eða skrifið til [service.luxe@loreal.com](mailto:service.luxe@loreal.com).

Clarisonic, L'Oreal Danmark, Stationsparken 37, 2600 Glostrup, Danmörk.  
Umboð á Íslandi Terma ehf.



# 2 CLARISONIC® ÁBYRGÐ OG ÞJÓNUSTA VIÐ VIÐSKIPTAVINI

## ÍSLAND

### 1. Umfang ábyrgðar

- Meðan ábyrgðartími gildir, ábyrgist Clarisonic vöruna vegna galla í efni og handverki vörunnar sem í ljós kemur við venjulega notkun hennar.
- Ef galli er í vöru sem fellur undir ábyrgð Clarisonic, mun Clarisonic skipta vörunni út fyrir nýja sambærilega vöru. Ef gallar koma í ljós eru skipti eina skylda Clarisonic til úrbóta. Ábyrgðin er bætt þjónusta sem ekki er innifalinn í lögbundnum rétti neytandans.

### 2. Hvernig nýta skal ábyrgðarþjónustu

Með vísan til neðangreindra takmarkana, getur þú sótt ábyrgð vegna tækis með því að hafa samband við þjónustudeild (nánari upplýsingar aftar í bæklingnum).

### 3. Skilyrði og undanþágur

- Þessi ábyrgð er takmörkuð og er aðeins hægt að nýta:
  - Af hálfu notanda Clarisonic vörunnar.
  - Á ábyrgðartímabilinu.
  - Vegna vöru sem keypt er á Íslandi.
  - Vegna vöru sem framleidd er af eða fyrir Clarisonic og seld er af viðurkenndum söluaðila.
- Til að nýta ábyrgð þessa, verður að sýna kaupreikning til sönnunar á kaupum á Clarisonic vörunni.
- Clarisonic er ekki skylt að gera við eða skipta út vöru sem ekki hefur meðfylgjandi gildan kaupreikning.
- Þessi ábyrgð gildir ekki ef varan hefur ekki verið notuð á réttan hátt eða ef reynt hefur verið að gera við vöruna af hálfu aðila sem ekki hefur heimild Clarisonic til viðgerða.

### 4. Undantekningar

Clarisonic er ekki ábyrgt fyrir óbeinum, tilfallandi eða afleiddum skemmdum sem leiða af notkun vörunnar, hvort sem slíkt stafar af bilun í rafbúnaði eða öðru þess háttar, nema slíkt leiði af lögum.

### 5. Skilgreiningar

- „**Venjuleg notkun**“ þýðir almenn notkun neytenda við eðlilegar heimilisaðstæður, í samræmi við handbók þá sem fylgir vörunni. Slík notkun felur ekki í sér notkun vörunnar með spennubreyti.
- „**Varan**“ þýðir Clarisonic Plus.
- „**Ábyrgðartímabil**“ þýðir 2 ár frá kaupdegi vörunnar, eins og hann er tiltekinn á kaupreikningi.

### 6. Lögbundin réttindi neytandans

Þessi ábyrgð veitir þér tiltekin réttindi og hefur ekki áhrif á lögbundinn rétt neytenda eða réttindi sem ekki er hægt að útiloka eða takmarka, né heldur hefur ábyrgðin áhrif á réttindi á hendur söluaðila þeim sem seldi neytanda vöruna. Það er neytanda í sjálfsvald sett hvort hann nýtir sér slík réttindi.

## 7. Gildandi lög

Þessa ábyrgð og hvern þann ágreining eða kröfur sem kunna að stafa af eða stofnast til í tengslum við efni ábyrgðarinnar (þar með talið ósamningsbundnar kröfur eða ágreining), skal túlka og fara með í samræmi við íslensk lög.

Dómstólar á Íslandi hafa einir lögsögu til að leysa deilumál eða kröfu sem leiðir af eða í tengslum við þessa ábyrgð, efni hennar eða myndun (þar með talið ósamningsbundnar kröfur eða ágreining).

Um frekari upplýsingar varðandi ábyrgðartíma eða almennar spurningar um vöruna, er vísað til [www.clarisonic.dk](http://www.clarisonic.dk) eða skrifið til þjónustudeildar;

Clarisonic, L'Oreal Denmark, Stationsparken 37, 2600 Glostrup, Danmörk.



Manufactured by/ hergestellt von/ fabriqué par/  
prodotto da / Производитель:

clarisonic

Pacific Bioscience Laboratories, Inc.  
Redmond, WA 98052 USA  
[www.clarisonic.com/customerservice](http://www.clarisonic.com/customerservice)

© Pacific Bioscience Laboratories, Inc. 2013.

All rights reserved. Clarisonic, Mia 2 and pLink are registered trademarks of Pacific Bioscience Laboratories, Inc.

Alle Rechte vorbehalten. Clarisonic, Mia 2 und pLink sind eingetragene Handelsmarken von Pacific Bioscience Laboratories, Inc.

Tous droits réservés. Clarisonic, pLink et Mia 2 sont des marques déposées de Laboratoires Pacific Bioscience, Inc.

Tutti i diritti riservati. Clarisonic, Mia 2 e pLink sono marchi registrati di Pacific Bioscience Laboratories, Inc.

Все права защищены, Clarisonic, Mia 2 и pLink являются зарегистрированными товарными знаками Pacific Bioscience Laboratories, Inc.

Distributed by/ vertrieben durch/ distribué par/  
distribuito da /распространяемых :

L'Oréal Produits de Luxe International, 106 rue Danton, 92300 Levallois-Perret, France

MADE IN USA

